

**Jarðhitafélag Íslands**  
**Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2011 - 2012**  
**Aðalfundur 17. apríl 2012**

Ágætu félagsmenn,

Á síðasta aðalfundi urðu breytingar á stjórn félagsins. Á aðalfundi 2009 voru kjörin í stjórn til tveggja ára þau Gústaf Adolf Skúlason, Jónas Matthíasson og Ragna Karlsdóttir. Gústaf gaf kost á sér til endurkjörs, Jónas og Ragna ekki. Jafnframt gáfu kost á sér til stjórnarsetu þeir Claus Ballzus frá Mannviti og Magnús Ólafsson frá ÍSOR. Önnur framboð komu ekki fram og voru þeir Claus, Gústaf og Magnús því kjörnir með til stjórnarsetu næstu tvö árin. Áfram sátu í stjórn, kjörnir til tveggja ára á aðalfundi 2010, þeir Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Jakob S. Friðriksson og Sigurður Magnús Garðarsson. Loks voru Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingí Gunnarsson einróma kosnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins, sem og Oddur Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

Ný stjórn skipaði með sér verkum með þeim hætti að auk Jakobs S. Friðrikssonar formanns var Bjarni Pálsson valinn sem varatormaður, Gústaf Adolf Skúlason ritari, Claus Ballzus gjaldkeri og Ásgeir Margeirsson, Magnús Ólafsson og Sigurður M. Garðarsson meðstjórendur.

Starfsemi Jarðhitafélagsins var með hefðbundnu sniði á liðnu starfsári. Stjórnin hélt 7 fundi frá síðasta aðalfundi og var mestum kröftum stjórnar beint að haust- og vorfundum félagsins. Þess ber að geta að eitt hundraðasti stjórnarfundur félagsins var haldinn í janúar síðastliðnum.

Skal nú stiklað á stóru í starfi félagsins frá nýliðnu ári;

**Vorfundur JHFÍ 2011**

Vorfundur Jarðhitafélags Íslands 2011 var haldinn í húskynnum Orkuveitu Reykjavíkur undir yfirskriftinni *Stendur jarðhitinn í stjórnkerfinu?* Fundinn sóttu rúmlega 70 manns.

Frummælendur tókust á um svör við yfirskrift fundarins og sitt sýndist hverjum. Fundarefnið ljáði máls á miklu hagsmunamáli þeirra sem horfa til nýtingar jarðhitans. Iðnaðarráðherra sagði „Nei“ en ef regluverkið væri of flókið þá þyrfti það endurskoðunar við en aldrei yrði gefinn afsláttur að eðlilegum kröfum sem lúta að náttúrunni og auðlindinni. Forstjóri HS Orku taldi að jarðhitinn stæði svo sannarlega í stjórnkerfinu og brýnt væri að auka skilvirkni þess.

Fjörugar umræður spunnust í kjölfarið og sá fáheyrði atburður gerðist að umfjöllun fundarins náði eyrum bæði ljósvaka- og prentmiðla.

**Haustfundur JHFÍ 2011**

Haustfundur var haldinn í Orkugarði að Grensásvegi 9 og hann sóttu rúmlega 70 manns. Þar var fjallað um sérstöðu jarðhitánýtingar á Íslands, ss. stofnkostnað jarðvarmavirkjana á Íslandi í samanburði við önnur lönd, hvað væri á döfinni í jarðhitaheiminum,

jarðhitarannsóknir á Íslandi, jarðhitaklasa og síðast en ekki síst aðkomu Íslendinga að jarðhitaverkefnum erlendis – hvað hefur gengið og hvað ekki.

### **Ferðastyrkir JHFÍ til íslenskra doktorsnema**

Fimm umsóknir bárust um styrk félagsins að þessu sinni, en árin 2010-2012 styrkir félagið árlega íslenskan doktorsnema í jarðhitatengdum fræðum um allt að kr. 350.000, til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu. Á fundinum var fjallað um umsóknirnar sem allar voru sterkar og valið því ánægjulegt en erfitt. Niðurstaðan varð að veita styrkinn að þessu sinni Ásbjörgu Kristinsdóttur, doktorsnema við verkfræði- og viðskiptafræðideildir Massachusetts Institute of Technology. Doktorsverkefni Ásbjargar þótti sérstaklega áhugavert og hagnýtt, en þar leggur hún áherslu á áhættugreiningu og ákvarðanatöku fyrir virkjanaframkvæmdir og miðar að því að kortleggja þær áhættur sem geta haft áhrif á framgang virkjanaframkvæmda, á sviði gæða, kostnaðar og tíma.

Á þessum fundi lýkur kjörtímabili Ásgeirs Margeirssonar, hann hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu. Ásgeir kom með nýja strauma inn í störf Jarðhitafélagsins á sínum tíma og á stóran þátt í því öfluga starfi sem félagið stendur nú fyrir. Að sama skapi hefur Sigurður M. Garðarsson kosið að víkja úr stjórn eftir tveggja ára setu. Vil ég þakka þeim báðum framlag þeirra til félagsins og ánægjulegt samstarf á vettvangi þess á liðnum árum. Ég mun ekki gefa kost á mér til áframhaldandi formennsku í féluginu en gef kost á mér til áframhaldandi stjórnarsetu. Ég vil þakka öllum stjórnarmönnum samstarfið á liðnu starfsári og sérstaklega þakka ég Gústaf Adolf Skúlasyni fyrir ósérhlífni í störfum sínum fyrir félagið.

Fjármál félagsins eru með ágætum og verða rædd undir sérstökum dagskrárlíð hér á eftir. Félagið hóf rafræna bankainnheimtu félagsgjalda vegna ársins 2011, útgáfa reikninga þeirra vegna dróst nokkuð vegna tæknilegra örðugleika og vegna þess að uppfæra þurfti félagaskrá með því að safna kennitölum viðkomandi. Það er einlæg trú stjórnar að innheimta félagsgjalda í framtíðinni verði einfaldari með þessu móti og auðveldi vinnu þeirra sem að málín koma.

Jarðhitafélag Íslands hefur haldið úti vettvangi hagsmunaaðila og áhugafólks um jarðhita til skoðanaskipta, haust- og vorfundi félagsins. Alltaf er að nógu af taka til umræðu á fundunum og erfitt að velja á milli umfjöllunarefna. Mörg hagsmunamál tengd jarðhita og nýtingu hans eru í deiglunni og hafa verið um langa hríð, sum mikilvæg mál tengjast stjórnvöldum. Hægt gengur að mínu mati. Það er ekki laust við það yfirskrift vorfundar 2011 sé enn í fullu gildi, að jarðhitinn standi ENN í stjórnerfinu.

Yfirskrift vorþings nú er: *Jarðhitanýting: Ávinningur og verkefni framundan*. Fróðlegt verður að heyra frá forsvarsmönnum orkufyrirtækjanna um verkefnin framundan og ekki síður að heyra mat Daða Más Kristóferssonar á þjóðhagslegum ávinningi af jarðhitanýtingu.

Að endingu vil ég þakka félagsmönnum og aðildarfélögum Jarðhitafélagsins fyrir samstarfið á liðnu ári.

F.h. stjórnar

Jakob S. Friðriksson